

Vegagerðin

Bergþóra Þorkeldsdóttir, forstjóri, bergthora.thorkelsdottir@vegagerdin.is

Innviðaráðuneytið

Sigurður Ingi Jóhannsson, ráðherra

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Guðlaugur Þór Þórðarson, ráðherra

Breiðafjarðarnefnd

Erla Friðriksdóttir, formaður, breidafjordur@nsv.is

Reykjavík, 10. mars. 2023

Efni:

Viðbrögð íslenskra stjórnvalda við tilmælum Fastanefnd Evrópusáttmálans um vernd villtra dýra og plantna og búsvæða þeirra og hugsanleg neikvæð áhrif nýrra vegamannvirkja í og í grennd við Friðland Breiðafjarðar

Á fundir Fastanefndar Bernarsamningsins þann 2. desember 2022 voru samþykkt tilmæli (nr. 218 /2022) fastanefndar,, vegna uppbyggingu vegamannvirkja um friðland Breiðafjarðar og nágrennis (Ísland):

Níunda lið tilmælanna hafa félögin Fuglavernd og Landvernd tekið til sín. Í þeim eru frjáls félagasamtök, vísindasamfélagið og almenningur hvött til samstarfs við stjórnvöld, þar á meðal með því að deila gögnum, taka þátt í samstarfi og semja um nákvæma tímaáætlun um næstu skref, innblásin af tillögum í skýrslu [ráðgjafa Bernarsáttmálans](#).

Tilmæli Bernarsamningsins til stjórnvalda á Íslandi fara hér á eftir í lauslegri þýðingu Landverndar og Fuglaverndar en þau er að finna á ensku [hér](#):

1. Tryggja heildstætt og gagnsætt samráðsferli við alla hlutaðeigandi hagsmunaaðila bæði staðbundið og á landsvísu varðandi framkvæmdir við leið Þ-H (þar á meðal vöktun, mótvægis- og úrbótaáætlanir).
2. Ganga frá ítarlegri áætlun um mótvægis- og úrbótaáðgerðir fyrir leiðina Þ-H í samráði við hlutaðeigandi (staðbundið og á landsvísu) hagsmunaaðila til að unnt sé að hrinda aðgerðunum í framkvæmd sem fyrst og leggja mat á árangur af þeim.
3. Uppfæra mótvægis- og vöktunaráætlun fyrir leiðina Þ-H samkvæmt eftirfarandi:
 - a. bæta við samráðsáætlun þar sem kveðið er á um stöðugt upplýsingaflæði á niðurstöðum vöktunar og þýðingu þeirra fyrir ákvarðanatöku; samráðsferlið ætti að tryggja að teknar verði saman ábendingar eða gögn frá áhugasömum hagsmunaaðilum og gæti nýst sem fyrirmynd kerfis um góða starfshætti á landsvísu (hugsanlega stýðja þróun landsbundinna vöktunaraðila);

- b. bæta við ítarlegu áhættumati og viðbragðsáætlun með fyrirfram skilgreindum verklagsreglum/lausnum sem skal innleiða í þeim tilvikum þar sem fyrirfram ákveðnar mótvægis- og úrbótaráðstafanir hafa ekki leitt til ákjósanlegra niðurstaðna;
- c. tryggja að gildandi reglugerð (16. gr. reglugerðar nr. 772/2012 - Reglugerð um framkvæmdaleyfi) um skýra og gagnsæja málsmeðferð við að stöðva framkvæmdir þar til um ásættanlega lausn verður samið, verði notuð í þeim tilfellum sem mótvægis- og úrbótaaðgerðir skila ekki tilætluðum árangri
- d. hafa í vöktunaráætluninni árangursvísa/viðmiðunarmörk um hvort ástæða sé til að bregðast við og fyrirfram skilgreindar verklagsreglur um hvernig eigi að aðlaga tæknilegar lausnir á rauntímagögnum sem vöktunarniðurstöðurnar veita;
- e. bæta við sem vöktunarmarkmiðum uppskiptingu búsvæða (habitat fragmentation) og dauða tegunda dýra og gróðurs á landi.
- f. hafa í huga óbein áhrif á lífríkið vegna breyttrar landnýtingar þegar mismunandi framkvæmdastig eru greind af stýrihópi.
- g. bæta við verkþætti um hvað lærdóm má draga af málinu til að hægt sé að nýta þá aðferðafræði og þekkingu sem fæst við staðbundna þekkingaröflun (með tilliti til þess að mótvægis- og vöktunaráætlunin sem er fyrsta sinnar tegundar á Íslandi t.d. þegar litið er til umfangs).
- h. líta á það sem forgangsverkefni að ræða við alla hlutaðeigandi hagsmunaaðila (þar á meðal kæruaðila) um þær rannsóknir sem leiddu til núverandi útfærslu Gufufjarðarbrúar áður en lokaútfærsla framkvæmdarinnar er ákvörðuð.
- i. halda skrá um að breytingar sem gerðar umfram skilmála umhverfismats til að draga úr áhrifum á einstakra þátta á náttúrufar.

4. Tryggja að GIS gögn sem tengjast vegaverkefninu verði uppfærð reglulega og verði tiltæk allan vöktunartímann; hlutaðeigandi yfirvöld eða Breiðafjarðarnefnd ættu að setja á stofn starfshóp sem samræmir gagnasöfnun og gagnagrunnsuppbyggingu til að búa til hagnýtt tæki til að styðja við ákvarðanatökufæri yfir allt Breiðafjarðarsvæðið.

5. Úthluta nægilegu fjármagni til aðlögunar og framkvæmd fullnægjandi mótvægis- og úrbótaráðstafana og vöktunarferla sem tengist veg framkvæmdinni, þ.m.t. aukasjóði sem skal nota til að bregðast við neikvæðari afleiðingum af framkvæmdinni en gert var ráð fyrir, ef vöktunarniðurstöður leiða þær í ljós.

6. Halda yfirlit yfir heildarkostnað vegna mótvægis- og úrbótaaðgerða fyrir leiðina Þ-H og bera kostnaðinn saman við kostnað við önnur vegstæði með minna neikvæð umhverfisáhrif eins og jarðgangaleið, sem hluta af þeim lærdómi sem draga má af framkvæmdinni.

7. Setja upp og þróa sem tilraunaverkefni á Breiðafjarðarsvæðinu mat á samverkandi áhrifum allra tengdra framkvæmda og veglagninga skv. Þ-H leið.

8. Styðja vernd Breiðafjarðarsvæðisins í heild og skoða að þróa það sem dæmigerð rannsókn (case study) fyrir Ísland (með því að hrinda í framkvæmd eftirfarandi tillögum aðgerðum sem gætu styrkt vernd annarra hluta Breiðafjarðarsvæðisins):

- a. tryggja að samráðshópur fyrir Breiðafjarðarnefnd sé settur á laggirnar eins fljótt og auðið er þar sem breið þátttaka er tryggð og ferlið gegnsætt;
- b. ræða innan beggja hópa í lið a, möguleikann á að leggja Breiðafjarðarsvæðið fram á lista Emerald Network (sérstaklega með tilliti til þess að sérlögin um vernd Breiðafjarðar eru talin samrýmanleg Emerald Network kröfunum) með hliðsjón af tilmælum. Nr. 157 (2011, revised 2019) um stöðu svæða sem lögð til á „Emerald network“ og leiðbeiningar og kröfur um tilnefningar svæða.
- c. styrkja lög um friðun Breiðafjarðar (1995);
- d. setja upp vandaða heildarvöktunaráætlun fyrir Breiðafjarðarsvæðið;
- e. hefja uppbyggingu alhliða gagnagrunns til þess að styðja á skilvirkan hátt við ákvarðanatöku fyrir Breiðafjarðarsvæðið;
- f. móta stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðafjarðarsvæðið sem samræmir þarfir sjálfbærar þróunar og þau verndarmarkmið verndaráætlunar sem krafist er í lögum.

Hvetur viðkomandi frjáls félagasamtök, vísindasamfélagið og almenning til þess að:

9. Fylgja ofangreindum tilmælum með tilliti til samstarfs við stjórnvöld, þar á meðal með því að deila gögnum, taka þátt í samstarfi og semja um nákvæma tímaáætlun um næstu skref (innblásin af tillögnum í skýrslu ráðgjafa Bernarsáttmálans).

Fuglavernd og Landvernd hvetja Vegagerðina, viðkomandi ráðuneyti og Breiðafjarðarnefnd að boða til fundar til að upplýsa og ræða með hvaða hætti íslensk stjórnvöld áforma að fylgja framangreindum tilmælum.

Með vinsemd og virðingu,

Audur Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar

Hólfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri Fuglaverndar